

Stofnun Öldrunarráðs

Málsaðili : Sveitarfélagið Hornafjörður
Tengiliður :
Dagsetning : 12.09.2015
Númer : 201509045
Flokkur :

Efni : Boðað var til fundar 7. september 2015 í Ekrinni. Framsaga var af hálfu Hauks Ingibergssonar formanns landssambands eldri borgara og Birnu Bjarnadóttur fulltrúi eldri borgara í norðurlandasamstarfi.

Í samtali við Hauk kom fram að mikill áhugi er hjá landssambandinu að stofnuð verði öldrunarráð í sem flestum sveitafélögum þar sem félag eldri borgara er starfandi. Ég sagði þetta vera skoðunarvert og full ástæða til nánari skoðunar.

Í framsögu Hauks kom síðan fram að við hefðum rætt þetta og ég tekið jákvætt í hugmyndina að stofnun öldrunarráðs í sveitarfélaginu. Einnig kom fram að mörg sveitarfélög eru annað hvort búin að stofna öldrunarráð eða stefna að því.

Öldrunarmál er málaflokkur sem vil stundum verða útundan í meðförum hjá sveitarstjórnunum. Það er jákvætt skref að koma á betra samráði við eldri borgara í sveitarfélaginu og formfesta það um leið.

hluti af málum eldri borgara er á könnu Heilbrigðisstofnunar og þar af leiðandi hjá heilbrigðisnefnd.

Einnig eru eldri borgarar í tengslum við félagsþjónustu sveitarfélagsins og því í tengslum við félagsmálanefnd.

Ef ákveðið verður að stofna öldrunarráð þarf að hafa báðar þessar tengingar í huga